



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 552 6700, Fax: 562 2516

Alþingi
Erindi nr. P 123/416
komudagur 4.12.'98

3. desember 1998.


Allsherjarnefnd Alþingis
formaður Sólveig Pétursdóttir,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.


Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum - 183. mál þingsins.

Nokkrar efasemdir komu fram vegna aldursákvæða 3. greinar um miskabætur þar sem ætlað er að skerðing þeirra hefjist frá og með 50 ára aldri í stað 60 ára eins og er í núgildandi lögum. Aftur á móti vegur það nokkuð að skerðing miskabóta er aðeins 1% á ári í stað 5% eins og nú er frá 60 ára aldri.

Að öðru leyti telur Öryrkjabandalag Íslands að í framlögðu frumvarpi felist réttarbót frá núgildandi lögum. Bandalagið telur að margföldunarstuðull 5. greinar frumvarpsins þ.e. að bætur fyrir varanlega örorku verði metin til fjárhæðar á grundvelli örorkustigs tjónþola og árslauna hans sé miðaður við að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Öryrkjabandalags Íslands


Helgi Seljan
framkvæmdastjóri


Guðríður Ólafsdóttir
félagsmálafulltrúi.